

Tungusilungur ehf
Strandgötu 39
460 Tálknafjörður

Reykjavík 10. janúar 2019
UST201802-365/S.I.
08.12.01

Yfirfærsla starfsleyfis

Vísað er til erindis Magnúsar Kr. Guðmundssonar og Tungusilungs ehf., kt. 530802-2210, dags. 19. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir yfirfærslu á gildandi starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi í Tálknafirði, útgefnu af heilbrigðisnefnd Vestfjarða þann 11. desember 2009.


Umhverfisstofnun hefur borist staðfesting á að nýr rekstraraðili hafi tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fallast á færslu starfsleyfisins. Með því færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Tungusilungs ehf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 11. desember 2021.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Tungusilungi ehf., samkvæmt 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar, nr. 535/2015 frá 1. apríl 2016, kr. 52.800. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir
Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri